

Erindisbréf

Stýrihópur fyrir Menntasetrið við Lækinn

Hlutverk:

Hópurinn er stýrihópur um starfsemi og rekstur Menntasetursins við Lækinn, Skólabraut 2.

Meginverkefni hópsins:

- Móta stefnu og koma með tillögur um rekstur og starfsemi Menntasetursins til framtíðar.
- Taka afstöðu til umsókna um aðstöðu eða samstarf.
- Standa fyrir mati á ástandi hússins og meta nauðsynlegar endurbætur ef þurfa þykir og með hliðsjón af framtíðarstarfsemi.

Stýrihópurinn skal hefja störf eftir að bæjarráð hefur skipað í hópinn. Stýrihópurinn starfar í umboði bæjarráðs.

Skipulag:

Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hópsins. Fundir af hálfu hópsins eru haldnir eftir þörfum.

Skipan stýrihópsins:

2 fulltrúar frá meirihluta

1 fulltrúi frá minnihluta.

Starfsmenn stýrihópsins eru:

Sviðsstjóri stjórnslusviðs

Fulltrúi mennta- og lýðheilsuviðs

Fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs

„Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem hefur það að markmiði að virða mannréttindi. Kynja- og jafnréttissjónarmið skal samþætt allri starfsemi bæjarins og jafnrétti meðvitað haft í huga við alla stefnumótun og ákvarðanatöku.“

Erindisbréf samþykkt í bæjarráði 25. mars 2021.